

Nd.

212. Nefndarálit

[133. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenskrar krónu.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þegar breyting er gerð á gengi íslenskrar krónu, eru ýmsar ráðstafanir nauðsynlegar, til þess að breytingin geti orðið með eðlilegum hætti, að því er snertir tollmeðferð, skil á gjaldeyri fyrir útflutning afurða, sem framleiddar voru fyrir gengisbreytinguna, ráðstöfun gengismunar o. s. frv. Aðalefni þessa frv. eru ákvæði um slíkar ráðstafanir. Þeir, sem styðja gengisbreytinguna, hljóta að telja slíkar ráðstafanir nauðsynlegar.

Í frv. er hins vegar eitt nýmæli, sem ekki hefur verið í hliðstæðum frv. áður, en það eru ákvæði 3. gr., sem breytir ákvæðum í Seðlabankalögunum. Þar er það ákvæði, að Seðlabankinn hafi heimild til 1% frávíks til hvorrar áttar frá stofngengi. Í 3. gr. þessa frv. er kveðið svo á, að þetta frávik verði aukið upp í 2¼%.

Tilkynnt hefur verið, að nýtt stofngengi krónunnar verði 98.56 kr. miðað við einn Bandaríkjadollar. Samkvæmt gildandi ákvæðum Seðlabankalaga gæti Seðlabankinn ákveðið gengið frá 97.60 kr. til 99.40 kr. Ef hin nýju ákvæði þessa frv. yrðu samþykkt, gæti Seðlabankinn ákveðið gengið frá 96.34 kr. til 100.78 kr. Í 3. gr. frv. felst m. ö. o. heimild til þess að hækka gengi Bandaríkjadollars um 14—15% í stað hækkunar um tæplega 13%, sem er afleiðing þeirrar 10.7% lækkunar á krónunni, sem svarar til þeirrar stofngengisbreytingar, sem tilkynnt hefur verið.

Ef aðstæður væru nú eðlilegar í íslenskum gengis- og gjaldeyrismálum, mætti segja, að ósk Seðlabankans um aukið svigrúm til gengisskráningar frá því, sem verið hefur, væri eðlileg og rétt að verða við henni. Ætti þá að breyta ákvæðum Seðlabankalaganna um þetta efni. Í kjölfar þeirrar gengisbreytingar, sem nú hefur verið ákveðin, eru hins vegar alvarlegar blikur á lofti í íslenskum efnahagsmálum og mikil óvissa ríkjandi. Á þá óvissu er ekki aukandi. Ef almenningur og aðilar í viðskiptalífínu geta átt von á viðbótargengislækkun á næstunni, þótt ekki yrði hún mikil, er hætt við, að enn minni líkur séu á því, að nauðsynlegt traust á gjaldmiðlinum skapist í viðskiptilífínu. Þess vegna tel ég rétt, að við núverandi aðstæður verði þeim reglum, sem gilt hafa um þessi efni, ekki breytt nú, heldur málið athugað betur og Seðlabankalögunum þá breytt.

Alþingi, 19. des. 1972.

Gylfi Þ. Gíslason.